

Nd.

369. Nefndarálit

um frv. til laga um forkaupsrjett á jörðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Í frv. þetta eru tekin upp gildandi forkaupsrjettarlög, en þeim ákvæðum skotið inn í þau, að sje jörð í sjálfsábúð til sölu, þá skuli sá jafnan sitja fyrir kaupum, sem tekur jörðina til ábúðar, og afsali hann sjer þeim rjetti, þá óðlist sveitarfjelag það rjettinn, sem jörð eða jarðargögn liggja í.

Að forkaupsrjetturinn falli til þess manns, er tekur jörð til ábúðar, svo á þeim jörðum, er verið hafa í sjálfsábúð, sem leigujörðum, virðist nefndinni mjög eðlilegt og sjer ekki, að með því sje að nokkru leyti þröngvað kosti seljanda, þar sem viðtakandi fær því að eins að njóta þessa rjettar, að hann gangi að öllum hinum sömu greiðsluskilyrðum og aðrir bjóða.

Enn fremur litur nefndin svo á, að eðlilegast sje, að neyti ekki viðtakandi forkaupsrjettar síns, þá hafi sveitarfjelagið rjett til kaupanna, með öðrum orðum, að um þessar jarðir gildi hin sömu forkaupsrjettarákvæði og á leigujörðum. Þessi útfærsla forkaupsrjettarins virðist ekki að neinu leyti stuðla til þess, að nákominn ættingi sjálfseignarbónda eða hver annar, er hann mundi óska, gæti ekki náð forkaupsrjetti á jarðeigninni, vilji seljandi láta hann sitja fyrir kaupum, því til þess þarf hann að eins að láta væntanlegan kaupanda fá byggingu fyrir jörðinni.

Ákvæði þetta er af flutningsmönnum frv. sýnilega sett inn í löginn til þess að koma í veg fyrir að þessar jarðir, eigi fremur en leigujarðir, lendi í höndum jarðabráskara eður annara þeirra manna, er ekki búast við eða hafa nokkurn hug á því að taka þær til ábúðar, heldur kaupa þær að eins í fjárgróðaskyni, án alls tillits til þess, hvort þau kaup miða jarðeigninni og sveitarfjelaginu til hagnaðar eða tjóns.

Samkvæmt því, sem þegar er sagt, fellst nefndin á, að tilgangur flutningsmanna með þessari breytingu á lögnum sje mjög eðlilegur og í fullu samræmi við þá hugsun, sem löginn um forkaupsrjett eru byggð á, en vill þó leyfa sjer, til þess að gera þetta ákvæði ljósara, að koma fram með svo felda

BREYTINGARTILLÖGU.

1. Við 6. og 7. gr.:

Í stað þessara greina komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Nú er jörð í sjálfsábúð til sölu, enda eigi enginn þeirra, er í 1. gr. getur, forkaupsrjett, og skal þá jafnan bjóða hana hreppnum, sem hún liggur í, til kaups, þó svo að hreppurinn greiði ekki minna verð fyrir hana en aðrir bjóða, enda sjeu honum ekki settir harðari greiðsluskilmálar en í raun og veru standa til boða frá öðrum.

Um ítök eða önnur jarðargögn, sem seld eru út af fyrir sig, gilda forkaupsrjettarákvæði 3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

2. Við 9. gr., er verður 8. gr.:
Í stað »1.—8. gr.« komi:
1.--7. gr.

Alþingi, 12. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson,
form. og framsögumaður.

Einar Árnason,
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson. Jón Jónsson. Sigurður Sigurðsson.